

Ed.

518. Frumvarp til laga

[156. mál]

um breyting á lögum nr. 122 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist:

Nú er ágreiningur um framfærslusveit barnsföður, sem innheimta skal barnalífeyri hjá, og getur Tryggingastofnunin þá innheimt kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar allt til þess tíma, að framfærslusveit barnsföður er viðurkennd eða ákveðin með úrskurði.

2. gr.

Upphaf 24. gr. laganna orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir til ársloka 1954.

3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

4. gr.

Við 29. gr. laganna bætist:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á ákveðinn hluta álagðra útsvara og/eða tiltekin útsvör í sveitarfélaginu og þau greidd innheimtumanni ríkissjóðs, þegar þau falla í gjalddaga, og skal sú skipan haldast þar til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd eða ráðherra hefur afturkallað fyrirmælin.

Nú ákveður ráðherra að leggja hald á ákveðinn hluta útsvara, og skal þá sá hluti útsvaranna, sem hald er lagt á, ákveðinn með hliðsjón af hlutföllum milli heildarupphæðar útsvaranna og heildarupphæðar lögboðinna greiðslna sveitarfélagsins til Tryggingastofnunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 122 1950 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frv. og einn þeirra (Steingr. Aðalsteinsson, er mætti á fundinum fyrir F. R. Valdimarsson) tók fram, að hann hefði einnig óbundið atkvæði um frv. í heild.

Greinargerð félagsmálaráðuneytisins fer hér á eftir:

„Þegar frumvarp það til breytinga á lögum um almannatryggingar, sem að lögum varð 28. des. s. l., lá fyrir Alþingi, var tekin aftur ein þeirra breytingartill., sem félagsmálaráðuneytið lagði áherzlu á að fengist samþykkt við lögin, en félagsmála-

ráðherra lýsti því þá yfir, að hann mundi hlutast til um, að sú breytingartillaga yrði flutt, er Alþingi kæmi saman til funda á ný fyrri hluta janúarmánaðar.

Það ákvæði, sem vikið er að hér að ofan, er nú flutt hér á ný og felst í 4. gr. þessa frumvarps.

Þegar löggin (nr. 122/1950) komu til framkvæmda, 1. janúar s. l., kom í ljós, að réttara mundi vegna framkvæmdar laganna að breyta fáeinum atriðum öðrum, og eru þau því tekin hér með.

Skal nú vikið að hverri grein frumvarpsins sérstaklega:

Um 1. gr. — Með samþykkt 8. gr. laga nr. 122/1950 verður sú breyting á endurkröfufyrirkomulagi útlagðra barnsmeðlaga, að Tryggingastofnum ríkisins skal eftirleiðis krefja framfærslusveit barnsföður í stað dvalarsveitar barnsmóður, en til þessa hefur hið síðarnefnda verið aðalreglan.

Þó ekki sé að öllum jafnaði neinn ágreiningur um, hver framfærslusveit barnsföður sé, þá kemur það þó fyrir stöku sinnum, sérstaklega þegar óreiðumenn eiga í hlut, að leita verður framfærslusveitarinnar, og getur þá líðið nokkur tími þar til hún finnst eða yfirvaldsúrskurður gengur um það, hver vera skuli framfærslusveit barnsföðursins. Þegar svo stendur á þykir rétt, að Tryggingastofnunin geti átt aðgang að dvalarsveit barnsmóður, sérstaklega ef það dregst lengi að finna framfærslusveit barnsföður.

Það er heppilegt, að þessi breyting verði gerð vegna þess, að allur réttargangur slíkra mála er í lögum og venjum miðaður við það, að sveitarfélögin eigist við um málið og yfirvald úrskurði ágreining á milli þeirra, en áfrýja megi til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir endanlegan úrskurð í slíkum málum.

Óeðlilegt virðist, að Tryggingastofnun ríkisins þurfi að leita þessara úrskurða, enda mundi þá ekki til lengdar hjá því komið að breyta bæði lögum um afstöðu foreldra til óskilgelinna barna og framfærslulögnum.

Hér er aðeins um örfáa einstaklinga að ræða, sjaldnast nema einn eða tvo árlega, sem úrskurður gengur um, og er af því ljóst, að höfuðtilganginum, sem ætlað var að ná með 8. gr. viðaukalaganna, er náð þrátt fyrir þessa breytingu.

Um 2. gr. — Rétt þykir að breyta upphafi 24. gr. á þann veg sem lagt er til í frumvarpinu, til þess að taka af öll tvímæli um, að hér sé átt við grunnupphæðir iðgjalda og framlaga, því iðgjöld og framlög verða auðvitað önnur en í greininni segir, þegar við þau hefur verið bætt vísitöluálagi, enda er þetta orðalag meira í samræmi við orðalag annarra greina laganna, þar sem að þessu efni er vikið, svo sem t. d. 16. og 25. grein.

Um 3. gr. — Samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. 109. gr. laga nr. 50/1946 var sveitarsjóður skyldaður til að greiða iðgjald til almannatrygginganna fyrir hvern þann iðgjaldsgreiðanda, sem hafði svo rýrar tekjur, að honum bar ekki að greiða tekjuskatt né eignarskatt á árinu. Slíkar iðgjaldagreiðslur úr sveitarsjóði skyldu ekki teljast framfærslustyrkur, þannig að sveitarsjóður gat ekki krafist iðgjaldsgreiðandann um endurgreiðslu.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 122/1950 er gerð sú breyting á niðurlagi fyrstu málsgreinar nefndrar 109. gr., að sveitarsjóði er veitt heimild til að krefja þá iðgjaldsgreiðendur um endurgreiðslu, sem hann hefur greitt persónuiðgjald fyrir samkv. 1. málsgr. 109. gr.

Í 3. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir, að sveitarsjóðir greiði áfram, eins og verið hefur og 26. gr. laga nr. 122/1950 gerir ráð fyrir, persónuiðgjöld iðgjaldsgreiðenda, sem hvorki ber að greiða tekju- né eignarskatt, og enn fremur, að sveitarsjóði sé heimilt að krefja slíka iðgjaldsgreiðendur um endurgreiðslu, en hins vegar gerð sú breyting á, frá því sem ákveðið er í 26. gr., að sveitarsjóði er hér veitt heimild til að krefja nefnda iðgjaldsgreiðendur um endurgreiðslu, hvort sem hann hefur greitt

allt persónuþgjaldið fyrir þá eða aðeins hluta þess, en samkv. 26. gr. laga nr. 122 1950 á sveitarsjóður annaðhvort að greiða allt iðgjaldið fyrir slíka menn eða ekkert.

Um 4. gr. -- Í 115. gr. almannatryggingalaganna er svo fyrir mælt, að „ríkis-sjóður ábyrgist framlag sveitarfélaganna“ til almannatrygginganna. Þar segir enn fremur:

„Ef verulegur dráttur verður á greiðslu framlags, snýr Tryggingastofnun ríkisins sér til eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, en hann gerir ráðstafanir til þess að koma greiðslunum í lag.“

Síðustu tvö árin hefur allmjög borið á því, að ýmsir kaupstaðanna vanræktu greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins, og þótt reynt hafi verið að fara samningaleiðina um greiðslur á þessum vanskilaskuldum, hefur ýmist ekki verið staðið við þá samninga eða málin hafa verið leyst með því að láta Tryggingastofnunina lána sveitarfélögunum fé, sem nam miklum hluta vanskilaskuldanna. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um nein viðurlög, sem beita má, þegar sveitarfélögin gera sig sek um vanskil við Tryggingastofnunina. Félagsmálaráðuneytið hefur því haft þau ein úrræði að tilkynna þeim sveitarstjórnunum, sem komið hafa í mikil vanskil, að beitt verði gagnvart þeim ákvæðum laga um eftirlit með sveitarfélögum og þau sett undir eftirlit, ef ekki yrði úr bætt innan tiltekins tíma.

Ráðuneytið hefur orðið að beita þessari aðferð við fimm kaupstaði, en það hefur komið í ljós, að mjög erfitt er að ná tilætluðum árangri með þessum hætti. Hér er hins vegar um svo stórfellda ábyrgð ríkissjóðs að ræða, að ekki má dragast lengur að taka í lög ákveðin viðurlög við slíkum vanrækslum, og er grein þessari ætlað að bæta úr í því efni.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunarinnar áttu nú, hinn 1. janúar 1951, sex kaupstaðir ógreidd framlög frá árinu 1949 og eldri tíma, samtals að upphæð ca. kr. 1160000.00, og ber ríkissjóði að greiða Tryggingastofnuninni þá upphæð. Fyrir árið 1950 áttu níu kaupstaðir af þrettán ógreidd framlög sín, samtals að upphæð 7,4 millj. króna. Vonir standa að vísu til, að verulegur hluti þessarar síðartöldu upphæðar greiðist nú á fyrri hluta þessa árs, en fyrirsjáanlegt er, að upphæðin næst ekki öll inn, nema með sérstökum ráðstöfunum.

Að athuguðu máli þykir því ekki verða lengur hjá því komið að tryggja betur ábyrgðarskuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögunum, og því er lagt til, að ráðherra verði veitt sú heimild, sem í þessari grein felst.“